

RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 571 : 2021110039 - Vífilmsýrar L141032, stofnun fasteignar í Öfundarfiði - Vífilmsýrarlóð

Til : Helga Þuríður Magnúsdóttir
Frá : Jón Grétar Magnússon <jon@m11.is>
CC : Axel Rodriguez Överby;Kristján Svan Kristjánsson
Heiti : RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 571 : 2021110039 - Vífilmsýrar L141032, stofnun fasteignar í Öfundarfiði - Vífilmsýrarlóð
Málsnúmer : 2021110039
Málsaðili : Sytra ehf.
Skráð dags : 22.02.2022 12:08:48
Höfundur : Jón Grétar Magnússon <jon@m11.is>

Viðhengi [image003.png](#)[image003.png](#)
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Sæl Helga,
Jarðalögin voru uppfærð í fyrra og það þarf ekki að afla samþykkis ráðuneytis.

Þetta var skv. 13. gr. jarðarlaga.
[81/2004: Jarðalög | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

Gömlu lögin

■
13. gr. Staðfesting landskipta.

Skipti á landi sem tilheyrir einni jörð og sameiginlegu landi tveggja eða fleiri jarða skulu staðfest af [ráðherra]. ¹⁾ Beiðni um staðfestingu landskipta skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem eru eigendur landsins og aðilar að landskiptunum, svo og lýsing á landskiptunum. Beiðninni skal fylgja samningur um landskipti eða landskiptagerð ..., ²⁾ uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, þinglýsingarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og önnur gögn sem kunna að liggja til grundvallar landskiptum og [ráðherra] ¹⁾ óskar eftir að lögð verði fram. Í skiptasamningi eða landskiptagerð um skipti á landi sem tilheyrir einu lögbýli skal tekið fram hvaða jarðarhluta lögbýlisréttur fylgir, þ.m.t. upphaflegt heiti lögbýlis. Leigusamningar, þ.m.t. lóðarleigusamningar, teljast ekki til landskipta í skilningi þessa ákvæðis.

Staðfestingu [ráðherra] ¹⁾ ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

¹⁾[L. 126/2011, 389. gr.](#) ²⁾[L. 83/2008, 24. gr.](#)

■
14. gr. Land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum.

Ef jarðahlutar eða landspildur eru leystar úr landbúnaðarnotum og skipt út úr jörð skal [ráðherra] ¹⁾ eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum þeirra en önnur skipti á landinu falla utan við gildissvið þessara laga.

Þessi lög féllu úr gildi með lögum nr. 5. gr. 53/2021: [Lög um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004 \(einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskylda o.fl.\)](#). | [Þingtíðindi](#) | [Alþingi \(althingi.is\)](#)

„Með greininni er lagt til að ákvæði 12.-15. gr. laganna falli brott en greinar þessar, sem standa í sérstökum kafla, IV. kafla, varða landskipti og sameiningu lands. Í stað þeirra munu koma ákvæði 2. gr. frumvarps þessa. Vísast um þetta nánar til bæði almennrar umfjöllunar í greinargerð og skýringa við 2. gr. Í þessu samhengi athugast að um skiptingu landa og lóða er fjallað í 48. gr. skipulagslaga, nr. [123/2010](#), þar sem segir að óheimilt sé að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til, auk þess sem mælt er fyrir um að sérhver afmörkuð landareign skuli hafa vísun í a.m.k. eitt staðfang í samræmi við 12. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Engin þörf er á breytingu á þessum ákvæðum annarra laga þótt gerðar séu þessar breytingar á jarðalögum.“



Kveðja,
Jón Grétar Magnússon
Byggingafræðingur
Sími: +354 8666099
Garðastræti 37
101 Reykjavík
[m11 arkitektar á instagram](#)

Frá: Helga Þuríður Magnúsdóttir

Sent: Wednesday, November 24, 2021 10:24 AM

Til: Jón Grétar Magnússon

Efni: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 571 : 2021110039 - Vífilmýrar L141032, stofnun fasteignar í Önundarfiði - Vífilmýrarlóð

2021110039 - Vífilmýrar L141032, stofnun fasteignar í Önundarfiði - Vífilmýrarlóð

Þinglýstur eigandi Vífilmýra sækir um uppskipti lands og stofnun lóðar undir mhl. 02, 03, 04, 05 og 06 skv. undirritaðri umsókn og hnitsettu mæliblaði nýrrar landeignar, frá 27.mars 2021. Nýtt land mun fá staðfangið "Vífilmýralóð".

Samkvæmt jarðalögum er skylt að afla leyfis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þegar um er að ræða breytingar á landnotkun landbúnaðarlands samkvæmt aðalskipulagi. Vegna þessa óskar skipulags- og mannvirkjanefnd eftir frekari upplýsingum um fyrirhuguð áform um nýtingu jarðanna.

Sæll,

Þetta vafðist fyrir nefndinni.

Vantar heimild frá ráðuneyti og svo fyrirhuguð plön.

Bestu kveðjur,

Helga Þ. Magnúsdóttir

-Tæknideild Ísafjarðarbæjar
Umhverfis- og eignasvið